

Ef miði, sem vinning hlýtur, hefur glatast, getur eigandi hans snúið sér til stjórnar happdrættisins með beiðni um, að fá vinninginn afhentan, en fylgja skal vottorð umboðsmanns, sem seldi miðann, um það, að samkvæmt bókum hans hafi umsækjandi keypt miðann. Slík beiðni þarf að komast í hendur stjórnar happdrættisins innan 6 mánaða frá drætti, en hafi vinningur samkvæmt miðanum þegar verið afhentur er beiðnin kom fram, er happdrættið laust allra mála.

20. gr.

Vinningar, sem enginn hefur vitjað innan eins árs frá drætti, verða eign happdrættisins.

21. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 16 13. apríl 1973 um happdrætti Dvalarheimilis aldraðra sjómanna, sbr. lög nr. 53 25. maí 1976 og lög nr. 24 26. mars 1987 um breyting á þeim lögum, öðlast gildi 15. apríl 1996. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 129 6. apríl 1992.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 21. mars 1996.

Þorsteinn Pálsson.

Jón Thors.

3. apríl 1996

Nr. 194

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 149/1996 um úthlutun
á tollkvótum vegna innflutnings á grænmeti.

1. gr.

Aftan við upptalningu úr tollkafla 7 í 2. gr. reglugerðarinnar komi:

	Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magn­tollur kr/kg
<i>Tollnúmer:</i>					
0704.9001	Hvítkál	09.04.-13.05.96	ótilgr.	30	0

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, sbr. breytingu með lögum nr. 87/1995 og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 3. apríl 1996.

F. h. r.

Guðmundur Sigþórsson.

Jón Höskuldsson.